

Nd.

401. Framhaldsnefndarálit

[2. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eftir 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að ræða nokkur atriði sem voru óafgreidd. Í fylgiskjölum með þessu framhaldsnefndaráliti er sýndur greiðslujöfnuður við útlönd 1984—1986, staða þjóðarbúsins út á við 1977—1986 og greiðslubyrði erlendra lána 1978—1986.

Meiri hl. nefndarinnar flytur brtt. við 14. gr. frv. á sérstöku þingskjali í samræmi við verðlagsuppfærslu launaliða fjárlaga. Þá skal þess getið að ekki var greint frá því í nál. meiri hl. á þskj. 360 að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hækkar vegna nýrrar tekjuáætlunar og verður skerðingin því óbreytt.

Í framhaldsnefndaráliti meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar á þskj. 270 er sagt að lagt sé til að afla Fiskveiðasjóði 200 m. kr. láns frá Framkvæmdasjóði við viðgerða á skipum innanlands. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að af lántöku Fiskveiðasjóðs verði ekki nú. Þessi ákvörðun breytir ekki heildarfjárhæðum í frumvarpinu en lækkar lánveitingar til Fiskveiðasjóðs, sbr. fskj. IV á þskj. 360. Nýjar útlánareglur Fiskveiðasjóðs eru í undirbún-

ingi og um leið og þær taka gildi verður ákveðið hvar 200 m. kr. verða vistaðar, enda er brynt að sú ákvörðun liggi sem fyrst fyrir.

Alþingi, 19. des. 1985.

Páll Pétursson,
form.

Friðrik Sophusson,
frsm.
Ólafur G. Einarsson.

Halldór Blöndal.

Fylgiskjal I.

Greiðslujöfnuður við útlönd 1984—1986 (Meðalgengi hvers árs, millj. kr.)

	1984 ¹⁾	Áætlun ²⁾ 1985	Spá ³⁾ 1986
Innfluttar vörur alls, f. o. b.	-23 889	-33 200	-41 300
Sérstakar fjárfestingarvörur	-2 588	-3 500	-4 300
Skip og flugvélar	-654	-900	-840
Til stóriðjuvera	-1 877	-2 500	-3 255
Annað	-57	-100	-205
Annar innflutningur	-21 301	-29 700	-37 000
Olfa	-3 683	-4 900	-5 600
Annað	-17 618	-24 800	-31 400
Útfluttar vörur alls, f.o.b.	23 557	32 500	40 700
Vöruskiptajöfnuður	-332	-700	-600
Þjónustujöfnuður	-3 798	-4 500	-4 900
Innflutt þjónusta	-15 033	-20 600	-26 400
(Par af vextir)	(-5 010)	(-6 400)	(-8 100)
Útflutt þjónusta	11 235	16 100	21 500
(Par af vextir)	(455)	(600)	(900)
Viðskiptajöfnuður	-4 130	-5 200	-5 500
Viðskiptajöfnuður í % af VLF	-5,1	-4,7	-3,8
Viðskiptajöfnuður í % af VPF	-5,4	-5,0	-4,0
Framlög án endurgjalds	25
Fjármagnsjöfnuður	3 181	9 700	5 500
Erlent einkafjármagn	409
Langar lántökur, nettó	3 234	5 364	1 877
Innkomin löng lán, alls	7 513	9 844	8 277
Afborganir	-4 279	-4 480	-6 400
Stuttar fjármagnshreyfingar, nettó	-462	4 336	3 623
Heildargreiðslujöfnuður	-924	4 500	0
(Breyting á gjaldeyrisstöðu Seðlabanka)			

- 1) Uppgjör á meðalgengi ársins.
- 2) Áætlun á áætluðu meðalgengi 1985.
- 3) Spá á áætluðu meðalgengi 1986.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal II.

Staða þjóðarbúsins út á við 1977—1986 (m. kr. á meðalgengi hvers árs)

	Löng erl. lán	Stutt vörukaupa- lán o.fl.	Ógreiddur útflytun- ingur	Gjald- eyris- staða	Nettó- staða við útl.	Verg lands- framl.	Staða í hlutfalli við VLF (%)	
							Löng lán	Nettó staða
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)
1977	-1 206	-128	89	39	-1 206	4 119	29,3	29,3
1978	-1 972	-216	160	151	-1 877	6 396	30,8	29,3
1979	-2 931	-401	246	361	-2 725	9 439	31,0	28,9
1980	-4 623	-726	395	705	-4 249	15 505	29,8	27,4
1981	-7 523	-1 080	627	1 451	-6 525	23 953	32,4	27,2
1982	-14 907	-2 165	960	1 101	-15 011	36 924	40,4	40,7
1983	-32 126	-4 279	3 004	2 280	-31 121	62 656	51,3	49,7
1984	-42 566	-6 776	4 069	1 763	-43 510	81 566	52,2	53,3
1985 ¹⁾	-60 720	-12 000	5 300	6 500	-60 920	110 900	54,8	54,9
1986 ²⁾	-73 500	-19 000	7 000	7 700	77 800	143 400	51,3	54,3

1) Áætlun 1985.

2) Spá 1986 er á áætluðu meðalgengi 1986.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal III.

Greiðslubrýði erlendra lána 1978—1986 (m. kr. á meðalgengi hvers árs)

	Löng erl. lán			Nettó vaxta- greiðsl- ur	Útflutn- ings- tekjur	Greiðslubrýði í % af útflytningum.				
	Afborg- anir	Vextir	Sam- tals			Afborg- anir (1:5)	Vextir (2:5)	Sam- tals (3:5)	Nettó (4:5)	Alls 1+4:5
1978	174	156	330	258	2 498	7,0	6,2	13,2	6,3	13,3
1979	245	252	497	241	3 852	6,4	6,5	12,9	6,3	12,6
1980	379	441	820	405	5 813	6,5	7,6	14,1	7,0	13,5
1981	633	827	1 460	802	8 887	7,1	9,3	16,4	9,0	16,2
1982	1 230	1 541	2 771	1 475	13 063	9,4	11,8	21,2	11,3	20,7
1983	2 678	2 973	5 651	3 050	27 456	9,8	10,8	20,6	11,1	20,9
1984	4 279	4 179	8 458	4 555	34 792	12,3	12,0	24,3	13,1	25,4
1985 ¹⁾	4 480	5 420	9 900	5 800	48 600	9,2	11,2	20,4	11,9	21,1
1986 ²⁾	6 400	6 700	13 100	7 200	62 200	10,3	10,8	21,1	11,6	21,9

1) Áætlun 1985.

2) Spá 1986 er á áætluðu meðalgengi 1986.

Heimild: Seðlabanki Íslands.